

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með því verði, sem hér segir.

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 9.30 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hver kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 45.40 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verzlunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 13.97 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.14 hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 0.80 á mánuði af gólfflatarferm. íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.46 hver kwst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 1095.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum, kr. 5.29 hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk- og kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
 - a. Um kwst.mæli á kr. 1.60 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í mesta álagstíma rafveitunnar um hádegið, og síðdegis en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem er til eftirlits, með að rofið sé á tilskildum tímum.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 9.89 hver kwst. í 1½ klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en kr. 1.60 kostar hver kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 2471.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 0.92 á notaða kwst.

D. Stórnotkun.

Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kw.:

Aflgjald kr. 3051.00 árs. kw.

Orkugjald kr. 0.37 hver kwst.

Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

E. Hitun.

1. Um kwst.mæli á kr. 0.68 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.34 hver kwst. á tímanum 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkv. reglum sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

F. Önnur raforkusala.

- Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða kr. 2.87 hverja kwst., enda sé notkun mæld með sérmæli og suðutæki fasttengd.
- Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.-mæli á kr. 5.57 hver kwst.
- Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á kr. 0.92 hver kwst. á tímanum frá 22 til 8 30 og kr. 2.12 hver kwst. frá kl. 8.30 til 22.
- Til gatnalýsingar á kr. 0.99 hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra gjaldskrárliði skal selja eftir gjaldskrárlið 1—1.

II. MÆLALALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasamælum upp að 30 amp.	kr. 15.30 á mánuði
2. Af þrífasamælum upp að 50 amp.	— 17.59 — —
3. Af þrífasamælum 50—220 amp.	— 44.96 — —
4. Af þrífasamælum yfir 220 amp.	— 65.89 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

- Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 335.00.
- Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 335.00 á skrifstofu rafveitunnar.
- Verði raforkunotandi uppvis að notkun raforku án mælingar skal hann sæta ábyrgð samkv. lið 2, nema þyngri refsing liggja við.

IV. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helzlu raforkunotkun jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri eign (hverri lóð) og skal greitt heimtaugargjald af

hverri heimtaug (spennistöð) fyrir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrá- liður	Málstraumur í 3 × 220 V kerfi Amp.	Stofnvara í 3 × 380 V kerfi Amp.	Hámarks- afl KVA	Heimtaugar- gjald kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	10 077.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	13 123.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	18 814.00
4.			50 sp.	22 290.00
5.		3 × 100	66	31 940.00
6.	3 × 200		75	37 630.00
7.			100 sp.	44 563.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	61 771.00
9.			150 sp.	70 850.00
10.			200 sp.	89 128.00
11.		3 × 350	231	100 841.00
12.			300	141 745.00
13.			500	236 817.00

sp. = spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæru leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda), skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá, yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

$Yl = (250 + 4 \text{ KVA}) \text{ kr./m}$. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: $Yl = (50 + 3 \text{ KVA}) \text{ kr./m}$ að viðbættum kr. 4674.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt fyrir hana eins og hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 2 475.00
60 amp. þrífasa	— 2 972.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum.

Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari viðaukum og breytingum er talinn með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. og 2. lið gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem blut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Njarðvíkur nr. 73 10. marz 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 20. marz 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

2. apríl 1970.

Nr. 91.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir.

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 9.00 hver kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 3.30 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 39.30 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 13.30 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli á kr. 2.00 hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 15.50 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal teljast sem hálf, en stærra en 25 m², sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og 6 m² hálfu herbergi.

C. Vélnotkun.

31. Um kwst.mæli á kr. 4.90 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 981.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
32. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 2.00 hver kwst.